

TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2009


TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2001

Thorkelson systkinin frá Lundar í Manitoba í Kanada tóku þátt með 8 ára millibili en þeirra blóðlína er 100% íslensk

Jessica (Thorkelson) Loewen, húsmóðir

Dvaldi hjá ættingjum í Búðardal

Ég hafði aldrei farið til útlanda áður en ég ferðaðist til Íslands sem þátttakandi í Snorraverkefninu. Ég þroskaðist við að kynnast landi og þjóð og öðlaðist meira sjálfstraust. Við hjónin viljum halda þangað á ný þegar börnin okkar eru orðin eldri til að þau búi að sömu reynslu.



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2009

Morgan Ann Czaja, bókasafnsfræðingur frá New Jersey í Bandaríkjunum

Dvaldi hjá ættingjum í Reykjavík

Snorraverkefnið breytti lífi mínu. Íslenska fjölskyldan mín hefur ríkan áhuga á arfleifð sinni og frændfólki vestanhafs. Ég hef heimsótt ættingja mína á Íslandi á hverju sumri frá 2014 og hef ferðast víða um landið. Stórfjölskyldan mín hefur einnig komið til Íslands með mér.



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2014

Donald Cal Thorkelson, bóndi

Dvaldi hjá ættingjum á Húsavík

Ég naut þess að kynnast íslenskum ættingjum mínum sem reyndust vera með svipað skapferli og við í Kanada. Ég stefni á að fagna næstu áramótum á Íslandi með dætrum mínum Lóu og Írisi Ástu sem eru báðar skírðar í höfuðið á íslenskum ættingjum og góðri vinkonu.

Danny Leifson, sérfræðingur í alþjóða- viðskiptum frá Utah í Bandaríkjunum

Dvaldi hjá ættingjum á Akureyri

Snorraverkefnið gerði mér kleift að kynnast bakgrunni fjölskyldu minnar og veitti mér skýrari framtíðarsýn. Ég hef komið þrisvar til Íslands síðan í vinnuferðir og til að taka hluta af framhaldsnámi mínu þar.


Ashley Thorvaldson, sérfræðingur í kanadískri stjórnsýslu frá Vancouver, Bresku-Kólumbíu í Kanada

Dvaldi hjá ættingjum í Stykkishólmi

Í gegnum Snorraverkefnið eignaðist ég nýja fjölskyldu og vini, auk þess sem ég mun elska allt sem íslenskt er um aldur og ævi. Einnig fékk ég tækifæri til að leita inn á við um leið og ég kafaði djúpt í ættfræðina.

Ég snéri aftur til Íslands 2015 og eyddi brúðkaupsferðinni með eiginmanni mínum og kynnti hann fyrir ættingjum og vinum.

TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2005



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2012

Julie Rose Summers, meistaranemi í þýðingafraeði við HÍ frá Washington í Bandaríkjunum

Dvaldi hjá ættingjum á Patreksfirði

Að búa með ættingjum sem töluðu ekki stakt orð í ensku vakti áhuga minn á að læra tungumálið. Það eru því engar ýkjur að Snorraverkefnið, sem ég hélt að myndi varpa ljósi á fortíð mína, hafi mótað framtíð mína. Ég flutti til Íslands árið 2014 og hef verið hér síðan. Mamma mín og systkini mín hafa öll heimsótt mig hingað.

Gabrielle Johnson, háskólanemi frá Toronto, Ontario í Kanada

Dvaldi hjá ættingjum í Borgarnesi

Snorraverkefnið og ættingjar mínir á Íslandi hafa fyllt tómarúmið í hjarta mínu. Ég hef komið tvisvar til Íslands síðan ég lauk verkefninu. Tenging mín við landið þar sem rætur mínar liggja hefur verið drifkrafturinn að baki listsköpun minni. Ég hef ljósmyndað landslagið, kennileiti og fólk. Þessir þættir tengja mig við þetta yndislega land og styrkja tengslin við það í gegnum myndavélina.



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA 2016

SNORRI WEST



SNORRI WEST veitir ungum Íslendingum tækifæri á að heimsækja slóðir Vestur-Íslendinga og aðra merkisstaði vítt og breitt um Norður-Ameríku.

Kristján Sævald Pétursson,
háskólanemi í Reykjavík


Snorri West opnaði heiminn upp á gátt fyrir mig. Það að kynna skyldmennum í Vesturheimi skapaði fyrir mig ómetanlegt tengslanet og færði Ameríku nær mér í huga og hjarta.



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA WEST 2014

Íris Björg Bergmann Þorvaldsdóttir,
hjúkrunarfræðingur
frá Kalastöðum í Hvalfirði

Að upplifa Snorra West verkefnið gaf mér ekki aðeins aukið sjálfstraust og minningar sem enn ylja mér, heldur eignaðist ég aðra fjölskyldu sem tók mér opnum örmum og hafa ekki sleppt af mér hendinni síðan! Ég mæli eindregið með þessu verkefni sem hafði stór áhrif á hvaða stefnu mitt líf tók.



TÓK ÞÁTT Í
SNORRA WEST 2002

Yfir

400

þátttakendur í Snorra
og Snorra West

Snorraverkefnið

20 ÁRA

Um

500

fjölskyldur hafa opnað
heimili sín

THE SNORRI PROGRAM



SNORRAVERKEFNIÐ myndar brú á milli menningarsvæða með því að bjóða ungu fólki á aldrinum 18-28 ára af íslenskum ættum frá Norður-Ameríku að taka þátt í sex vikna sumardagskrá.

Markmiðið er að efla tengsl afkomenda vesturfaranna og samfélaga þeirra við Ísland og Íslendinga með því að kynna fyrir þeim tungumál og menningu í Reykjavík, dvöl hjá ættingjum ásamt starfsþjálfun vítt og breitt um landið og landkynningarferð um merkisstaði Íslands.

Dvölin veitir ungmennunum djúpa innsýn í íslenskt samfélag og tengir þau órjúfanlegum böndum við ættingja og nýja vini.

THE SNORRI PROGRAM



Reykjavík 10. október 2019

Erindi: Stuðningur við Snorraverkefnið 2020

Með þessu bréfi óska ég undirrituð eftir stuðningi við framkvæmd Snorraverkefnisins á árinu 2020 en aðkoma sveitarfélaga hefur frá upphafi þess árið 1999 skipt sköpum fyrir verkefnið bæði fjárhags- og framkvæmdalega.

Sumarið 2020 mun 22. hópur ungmenna af íslenskum ættum á aldrinum 18 – 28 ára koma hingað til lands frá Kanada og Bandaríkjunum til að kynnst rótum sínum. Markmið þess er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins og stendur yfir í 5 vikur, eða frá 13. júní – 16. júlí 2020. Húsnæði, fullt fæði, flug, allar ferðir innalands og fjölbreytt dagskrá er innifalin í verkefninu. Dagskráin skiptist í þrjá hluta:

- I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu en einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá.
- II. Dvöl í tvær vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt.
- III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnpokaplássu vítt og breytt um landið.

Snorraverkefnið hefur verið í samstarfi við Íslendingabók við að útvega ættfræðiupplýsingar um alla þátttakendur. Þannig hafa þátttakendur komist í samband við ættingja sína hér á landi. Verkefnið nýtir sér þessar upplýsingar til að koma þátttakendum í 2 vikna dvöl hjá ættingjum sínum um miðbik verkefnisins.

Þátttaka ungmenna í Snorraverkefninu hefur reynst árangursrík leið til að færa verðmætan menningararf til nýrrar kynslóðar og eru margir orðnir virkir í sínu Íslendingafélagi í Vesturheimi. Þessi arfur er hluti af sögu okkar og menningu sem okkur ber skylda til að varðveita. Auk þess er Snorraverkefnið gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju og iðulega heimsækja ættingjar ungmennanna það svæði sem dvalið var á síðar.

Framlagið er frádráttarbært frá skatti sem styrkur til menningarmála.

Það er von mín að þið getið tekið þátt í þessu jákvæða verkefni með okkur. Ef óskað er frekari upplýsinga um þessa starfsemi verða þær góðfúslega veittar.

Með hlýrri vetrarkveðju. - F.h. stjórnar Snorrastjóðs,

Ástrós Signýjardóttir
Ástrós Signýjardóttir, verkefnisstjóri

Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3.11	Grób	21. OKT. 2019
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFB	SAS	1910146

THE SNORRI PROGRAM



Snorrahópurinn 2019

Fjórtán ungmenni á aldrinum 19-28 ára tóku þátt að þessu sinni. Allir þátttakendurnir eru afkomendur Vestur-Íslendinga og hafa miklar tengingar við land og þjóð.



Snorra-hópurinn á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar

Þeir staðir sem þátttakendur dvöldu á sumarið 2019 voru: Akureyri, Garðabær, Borgarfjörður, Skagaströnd, Reykjavík, Hvammstangi, Hörgársveit, Svalbarðsströnd og Dalvík. Samtals dvöldu ungmennin 15 hjá 17 fjölskyldum og kynntust daglegu lífi og starfi. Allir þátttakendur voru þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að dvelja hjá ættingjum og endurspegluðu lokaverkefni þeirra mikla gleði og fögnuð yfir að fá að tengjast íslenskum rótum sínum.

Í vikulangri landkynningarferð ferðaðist hópurinn um Snæfellsnes, Vestfirði og Norðurland vestra. Tekið var þátt í 17. júní fögnuði, farið í hestaferð við borgarmörkin og í bátsferð, ásamt fjallgöngu og heimsóknum á söfn og til fyrirtækja. Dagskráin endaði með kvöldstund í Hafnarfirði þar sem þátttakendur kynntu metnaðarfull lokaverkefni sín.

Aðalstyrktaraðilar Snorraverkefnisins eru:

Mennta – og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

Óðinsgötu 7 • 101 Reykjavík
sími 551 0165 • fax 562 8296 • gsm 895 5055
info@snorri.is • www.snorri.is

THE SNORRI PROGRAM



Íslendingabók
Eimskip
Icelandair

Óðinsgötu 7 • 101 Reykjavík
sími 551 0165 • fax 562 8296 • gsm 895 5055
info@snorri.is • www.snorri.is